

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildarinnar, um lækkun á jarðarafgjaldi.

1874.

8. júní.

Eptir að stjórnarráðið samkvæmt uppástungu landshöfðingjans um, að linun sú í landskuldagreiðslu, sem veitt var landsetunum á jörðunni Slyjum, sem heyrir undir Kirkjubæjar klausturs góz, Einari Ólafssyni og Sveini Sveinssyni, með bréfi stjórnarráðsins 13. oktbr. 1870¹, um 3 ár til fardaga 1873, alls 50 álnir, megi haldast við til fardaga 1876, reiknuð eins og hingað til, þannig að hver alin í öðrum helmingnum verði metin á 8 sk., en hinn helmingurinn eptir meðalverði allra meðalverða samkvæmt verðlagsskránni, — hafði veitt honum vald til, að veita fyrnefndum landsetum lækkun þessa á jarðarafgjaldinu um 3 ár, ef það yrði sannað með skoðunargjörð, að lækkunin væri sanngjörn og afgjaldið, sem eptir stæði, hæfilegt, — hefir landshöfðinginn skýrt stjórnarráðinu frá, að hann hafi látið skoðunargjörð framfara og samkvæmt því valdi, sem stjórnarráðið hafði veitt honum til þess, veitt landsetunum á tæðri jörðu, Einari Ólafssyni og Sveini Sveinssyni, linun þá í landskuldagreiðslu þeirra af jörðunni Slyjum, sem getið var, 25 álnir hvorum þeirra, um 3 ár frá fardögum 1873 til fardaga 1876.

Þetta leiðum vör eigi hjá oss að tilkynna reikningastjórnardeildinni.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um þóknun fyrir jarðabætur á klausturjörðu.

15. júní.

Með bréfi, dagsettu 15. dag aprílm. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað skjal nokkurt, þar sem amtmáðurinn yfir norður- og austurumdæmi Íslands skýrir frá, að hann hafi veitt leiguliðanum á jörðunni Reykjum, sem heyrir undir Reyni-

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 103.